





**Nautaat — olía á striga 1934**



**Uppstilling — olía á striga 1934**



**Spilamaðurinn — olía á striga 1971**



# PABLO PICASSO

## Um sýninguna

*eftir Aðalstein  
Ingólfsson*

Sýning Listahátíðar 1986 á verkum eftir Pablo Picasso er einstæður listviðburður, ekki aðeins á Íslandi, heldur einnig í stærra samhengi. Fimm ár eru liðin síðan haldin var risastór sýning á þeim verkum Picassos sem franska ríkið eignaðist og hefur nú komið fyrir í sérstöku safni í París. Ekki er líklegt að stórar sýningar verði haldnar á verkum Picassos í nánustu framtíð, a.m.k. ekki á Norðurlöndum. Verkin á sýningu Listahátíðar eru aukinheldur úr einkasafni frú Jacqueline Picasso, ekkju listamannsins, og hafa mörg þeirra aldrei komið fyrir almenningssjónir. Þessi verk eru 55 talsins, valin af frú Picasso sjálfri. Af þeim eru 51 málverk á striga, 3 teikningar og einn skúlptúr, sem er portrett af Jacqueline Picasso.

Tæplega er hægt að ætlast til þess að þessi sýning spanni feril Picassos allan, en eins og mörgum er kunnugt, var hann hamhleyptur til vinnu alla sína löngu ævi. Þess má t.d. geta, að árið sem Picasso varð 88 ára gamall, málaði hann

150 málverk, auk þess sem mörg hundruð teikninga og grafíkmynda liggja einnig eftir hann frá sama ári. Ein elsta myndin á sýningunni er frá hinu svokallaða „synthetíska-kúbíska“ skeiði, sem stóð yfir frá c. 1912-1919, en þá sögðu Picasso og félagar hans, t.a.m. Braque og Gris, skilið við rannsóknir á edli og vægi hluta, en einbeittu sér að því að raða saman litflötum, þannig að þeir mynduðu þekktanleg fyrirbæri.

Eftir að Picasso gekk að eiga rússnesku ballettdansmærinu Olgu Kokhlovu árið 1918 og fór að taka þátt í samkvæmislífi auðugra Parísarbúa, fóru verk hans að draga dóm af list sígildra listamanna eins og Ingres. Hefst þar með hið „klassíska tímabil“ listamannsins, sem stendur til 1925. Tvær teikningar frá því tímabili eru á sýningunni, önnur af sitjandi konu, hin af þokkagjöjunum þremur, Evfrosyne, Aglái og Pálíu. Þær gjöjur urðu honum síðar tilefni margvíslegra myndrænna hugleiðinga um fegurðina og holdsins lystisemdir.

Upp úr 1924 var Picasso farinn að hafa æ meira samband við Súrrealista í Frakklandi, og áhrifa frá kenningum þeirra og þankagangi